

AUGLÝSING

um skipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Vaðnesvegur 2, L169743, breytt hnit og stærð lóða.

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi fyrir Vaðnesveg 2, L169743. Í breytingunni felst leiðrétting á stærð lands og hnitsetningu þess.

Fyrir liggur skriflegt samþykki allra þeirra sem hagsmuna eiga að gæta og sæta grenndarkynningu, með áritun á kynningargögn, þar sem fram kemur að ekki séu gerðar athugasemdir við breytinguna. Með vísan til 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er því heimilt að stytta grenndarkynningartímabilið.

Samþykkt í sveitarstjórn 22. apríl 2026.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 20. maí 2026.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,
Sigríður Kristjánsdóttir.

B deild - Útgáfudagur: 4. júní 2026